

SKEL

SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR

1. janúar - 30. júní 2023

Kalkofnsvegur 2

101 Reykjavík

www.skel.is skel@skel.is

[in](https://www.linkedin.com/company/skel-fjarfestingafelag) /skel-fjarfestingafelag

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjárfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

SKEL fjárfestingafélag hf. (hér eftir „SKEL“, „félagið“) er hlutafélag skráð á Nasdaq - Iceland. SKEL starfar sem fjárfestingafélag, með þann tilgang að skapa verðmæti fyrir hluthafa og aðra haghafa með langtíma hugsun að leiðarljósi. Stefna SKEL er að vera umbreytingafjárfestir og þannig veita stuðning og aðstoð við þau félög, stjórnendateymi og frumkvöðla sem ákveðið er að fjárfesta í hverju sinni. Stjórnendur og starfsfólk SKEL styðji þannig samstarfsaðila sína við að fullnýta alla möguleika fyrirtækjanna sem þau stýra, hvort sem um er að ræða rótgróin rekstrarfélög eða góða viðskiptahugmynd.

Árshlutareikningur SKEL fjárfestingafélags hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Tekjur voru 2.424 millj.kr. á fyrri helmingi ársins 2023 og hagnaður nam 2.060 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2023 námu eignir félagsins 42.074 millj.kr. og skuldir 7.127 millj.kr. Eigið fé nam 34.946 millj.kr og var eigið fé á hvern hlut 18,1 kr. Eiginfjárlutfall var 83,1%.

Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins 30.6.2023 nam 1.936 millj. kr. Atkvæðisrétti í SKEL er þannig háttað að 1 kr. jafngildir 1 atkvæði. Hlutafé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq og njóta allir hlutir sömu réttinda. Hluthafar félagsins voru 1.044 í lok tímabils. Tíu stærstu hluthafar félagsins voru:

Hluthafi	Nafnverð hlutafjár	
	m.kr.	Eignahlutur
Strengur hf.	969	50,1%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	167	8,6%
RES 9 ehf.	97	5,0%
TCA ECDF III Holding S.á.r.l.	97	5,0%
Birta lífeyrissjóður	86	4,4%
Kvika banki hf.	60	3,1%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	26	1,3%
Arion banki hf.	25	1,3%
Eftirlaunasjóður FÍA	24	1,2%
Stefnir - ÍS 5 hs.	17	0,9%
10 stærstu hluthafar samtals	1.568	81,0%
Aðrir hluthafar (1.034 talsins)	368	19,0%
Samtals útistandandi hlutir	1.936	100,0%
Eigin hlutir	0	0%
Heildarhlutafé skv. samþykktum	1.936	100,0%

Á aðalfundi SKEL fjárfestingafélags þann 9. mars 2023 var stjórn félagsins veitt heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé. Tilkynnt var um framkvæmd endurkaupáætlunar 12. júlí 2023 og er áætlað að kaupa að hámarki 18.518.518 eigin hluti í félaginu sem samsvarar 0,956%. Einnig var samþykkt á aðalfundi að veita stjórn heimild til að hækka hlutafé félagsins um 200 milljónir að nafnvirði, í eitt skipti eða oftar og að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum til slíkrar hlutfjárhækkunar.

Auk þess samþykktu hluthafar á aðalfundi SKEL að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 600 milljónum króna. Greiðsla arðs fór fram þann 12. apríl 2023.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er það álit þeirra að árslutareikningur félagsins gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1.1.2023-30.6.2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30.6.2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árslutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn og forstjóri SKEL fjárfestingafélags hf. hafa í dag fjallað um árslutareikning félagsins fyrir tímabilið 1.1.2023-30.6.2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. ágúst 2023

Stjórn

Jón Ásgeir Jóhannesson, formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Guðni Rafn Eiríksson

Nanna Björk Ásgrímsdóttir

Sigurður Kristinn Egilsson

Forstjóri

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýr.	2023 1.1.-30.6.	2022 1.1.-30.6.
Fjárfestingatekjur			
Gangvirðisbreyting fjáreigna	4.	2.065	496
Fjármunatekjur (-gjöld)	5.	287	302
Söluhagnaður og aðrar tekjur		73	6.051
		<u>2.424</u>	<u>6.849</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6.	(266)	(406)
Önnur rekstrargjöld		(141)	(230)
		<u>(407)</u>	<u>(636)</u>
Hagnaður/(Tap) fyrir skatta			
		2.017	6.213
Tekjuskattur		43	(1.274)
Hagnaður tímabilsins			
		2.060	4.939
Hagnaður (tap) á hlut		1,06	2,55
Þynntur hagnaður (tap) á hlut		1,06	2,55

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	30.6.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	9.	3.904	4.731
Ríkisskuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	4.,7.	1.008	2.116
Skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	4.,7.	5.876	4.921
Seldar fjáreignir á gangvirði	7.,13.	2.917	0
Óskráðar fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	4.,7.	24.627	23.137
Fjárfestingafasteignir	4.,7.	1.140	690
Aðrar eignir	8.	2.603	2.910
Eignir samtals		42.074	38.505
Eigið fé	10.		
Hlutfé		1.936	1.936
Aðrir eiginfjárliðir		19.473	4.196
Óráðstafað eigið fé		13.537	27.298
Eigið fé samtals		34.946	33.430
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11.	2.806	2.473
Tekjuskattsskuldbinding		2.014	2.014
Aðrar skuldir	12.	2.308	589
Skuldir samtals		7.127	5.075
Eigið fé og skuldir samtals		42.074	38.505

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kaupréttasamninga	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
30.6.2023							
Eigið fé hluthafa 31.12.2022	1.936	3.210	501	85	13.614	14.083	33.430
Hagnaður tímabilsins						2.060	2.060
Greiddur arður						(600)	(600)
Innleystar gangvirðisbreytingar					(59)	59	0
Bundið vegna gangvirðisbreytinga					2.065	(2.065)	0
Bundið vegna kaupréttarsamninga				56			56
Staða 30.06.2023	1.936	3.210	501	141	15.621	13.537	34.946
31.12.2022							
Eigið fé hluthafa 31.12.2021	1.936	3.210	501	1	400	10.281	16.329
Hagnaður ársins						17.517	17.517
Greiddur arður						(500)	(500)
Innleystar gangvirðisbreytingar					(5.636)	5.636	0
Bundið vegna gangvirðisbreytinga					18.850	(18.850)	0
Innleystir kaupréttarsamningar				(1)			(1)
Bundið vegna kaupréttarsamninga				85			85
Staða 31.12.2022	1.936	3.210	501	85	13.614	14.083	33.430

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

	2023	2022
	1.1.-30.6	1.1.-30.6
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	2.060	4.939
Leiðrétt fyrir:		
Afskriftir	3	0
Rekstrarliðir sem hreyfa ekki handbært fé	(2.065) (6.356)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(287)	0
Tekjuskattur	(43)	1.291
Veltufé (til) frá rekstri án vaxta og tekjuskatts	(331) (126)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	128	9.265
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	148 (4.746)
	276	4.519
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta	(55)	4.394
Innborgaðar vaxtatekjur	86	188
Greidd vaxtagjöld	(74) (103)
Handbært fé (til) frá rekstri	(42)	4.480
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í fjárfestingafasteignum	(450)	0
Söluverð fjárfestingafasteigna	0	7.898
Fjárfesting í dótturfélögum	(2.221)	0
Fjárfesting í verðbréfum	(1.963) (4.305)
Sala verðbréfa	1.997	0
Arður frá fjárfestingaeignum	167	168
Kröfur á tengd félög og langtímakröfur, breyting	317 (1.500)
Fjárfestingahreyfingar	(2.154)	2.261
Fjármögnunarhreyfingar		
Greiddur arður	(600) (500)
Afborganir langtímaskulda og leigusamninga	(231) (6.416)
Tekin ný langtímalán	279	0
Skuld við tengd félög	1.678	0
Skammtímalán, breyting	243	0
Fjármögnunarhreyfingar	1.369 (6.916)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(827) (175)
Handbært fé í byrjun árs	4.731	7.711
Handbært fé í lok tímabils	3.904	7.535

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Skýringar

1. Félagið

SKEL fjárfestingafélag hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang félagsins var áður Borgartún 26 en félagið hefur flutt aðsetur sitt að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík. Tilgangur félagsins er að eiga og stýra félögum sem eru m.a. á sviði smásölu og heilidsölu, rekstur fasteigna, skipa og þjónustustöðva. Ennfremur lána- og fjárfestingastarfsemi og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Stjórn SKEL fjárfestingafélags hf. samþykkti árshlutareikninginn 16. ágúst 2023.

2. Samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þeim hefur verið beitt fyrir öll ár sem sýnd eru, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum og reglum um ársreikninga félaga með skráð hlutabréf. Reikningsskil félagsins byggja á gangvirði í gegnum rekstur.

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

2.2 Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

2.3 Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur

(a) Flokkun

Eignir

Félagið flokkar fjárfestingar sínar út frá viðskiptamódeli félagsins til að stýra þessum fjáreignum og samningsbundnu sjóðstreymi fjáreignanna. Safni fjáreigna er stýrt og afkoma metin á gangvirðisgrunni. Félagið einbeitt sér fyrst og fremst að gangvirðisupplýsingum og notar þær upplýsingar til að meta afkomu eignanna og taka ákvarðanir. Félagið tilgreinir engin hlutabréf á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu.

Ríkisskuldabréfaeignir félagsins eru í öllum tilfellum seljanlegar og skráðar á verðbréfamörkuðum og geta verið keyptar og seldar eftir aðstæðum hverju sinni. Þær eru hugsaðar í þeim tilgangi að ávaxta lausafé og nýta tækifæri sem skapast geta á markaði og frekar en að innheimta samningsbundið greiðsluflæði. Þar af leiðandi eru allar fjárfestingar metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

(b) Skráning, afskráning og mat

Regluleg kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi – dagsetningin sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestinguna. Fjáreignir, fjárskuldir og afleiður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður um leið og til hans er stofnað.

Fjáreignir eru afskráðar þegar réttur til að taka á móti sjóðstreymi úr fjáreignunum er liðinn eða hefur verið fluttur og félagið hefur flutt frá sér í meginatriðum alla áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Eftir upphaflega skráningu eru allar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning metnar á gangvirði. Hagnaður og tap sem stafar af breytingum á gangvirði fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru settar fram í yfirliti yfir heildarafkomu undir liðnum *Gangvirðisbreytingar fjáreigna* á því tímabili sem áhrifin koma fram.

Skýringar

2.3 Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur, frh.

Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar í yfirlit yfir heildarafkomu innan *Arðstekna* þegar réttur félagsins til að taka við greiðslum er staðfestur, líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem tengist arðinum renni til sjóðsins, og upphæð arðsins er hægt að mæla með áreiðanlegum hætti. Vextir af skuldabréfum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir í yfirliti vfir heildarafkomu.

(c) Gangvirðismat

Gangvirði er það verð sem fengist fyrir að selja eign eða eiga í viðskiptum með afleiður í skipulegum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi. Gangvirði fjáreigna sem ekki er verslað með á virkum markaði er ákvarðað með matsaðferðum.

(d) Tilfærslur á milli stiga gangvirðisstigveldisins

Tilfærslur á milli stiga gangvirðisstigveldisins telst hafa átt sér stað í upphafi reikningsskilátímabilsins.

2.4 Jöfnun fjármálagerninga

Fjáreignum og -skuldum er jafnað saman og samanlögð fjárhæð færð í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til að jafna fjárhæðunum og ætlunin er að gera upp viðskiptin á jöfnuðum grunni (net basis) eða innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis. Skuldajöfnunarrétturinn má ekki vera háður atburðum í framtíðinni og verður að vera til staðar í venjulegum rekstri og ef um vanskil eða gjaldprot félagsins eða gagnaðila er að ræða.

2.5 Aðrar kröfur

Aðrar kröfur eru upphaflega færðar á gangvirði og eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Önnur kröfustaða er geymd til innheimtu.

Á hverjum uppgjörssdegi skal félagið meta afskriftir af öðrum kröfum á fjárhæð sem jafngildir væntanlegu útlánatapi á líftíma kröfunnar ef útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphaflegri skráningu. Hafi útlánaáhættan ekki aukist verulega á uppgjörssdegi frá upphaflegri skráningu skal félagið meta afskriftareikning á fjárhæð sem nemur 12 mánaða væntu útlánatapi. Verulegir fjárhagserfiðleikar gagnaðila, líkur á að mótaðili fari í gjaldprot eða fjárhagslega endurskipulagningu og vanskil á greiðslum eru allt taldar vera vísbendingar um möguleg útlánatöp. Ef útlánaáhættan eykst að því marki að færa þarf kröfu niður þá reiknast vaxtatekjur miðað við brúttó bókfært verð leiðrétt fyrir niðurfærslu. Veruleg aukning á útlánaáhattu er skilgreind af stjórnendum sem hvers kyns krafa sem er komin meira en 30 dögum fram yfir gjalddaga. Sérhver krafa sem er komin meira en 90 dögum eftir gjalddaga er varúðarfærð.

2.7 Handbært fé

Handbært fé nær yfir innlán í banka og aðrar skammtímafjárfestingar á virkum markaði með gjalddaga innan þriggja mánaða eða skemur.

2.8 Vaxtatekjur og vextir af fjáreignum færðum á gangvirði í gegnum rekstrareikning

Vextir eru færðir með aðferð virkra vaxta. Til vaxtatekna teljast vextir af handbæru fé. Vextir af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning innihalda vexti af skuldabréfum.

2.9 Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu er staðfestur, líklegt er að efnahagslegur ávinningur tengdur arðinum renni til félagsins og hægt er að meta fjárhæð arðsins með áreiðanlegum hætti.

2.10 Viðskiptakostnaður

Viðskiptakostnaður er kostnaður sem fellur til við að afla fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þau fela í sér gjöld og þóknanir sem greiddar eru til umboðsmanna, ráðgjafa, miðlara og söluaðila. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning sem kostnaður þegar til hans stofnast.

Skýringar

2.11 Veð

Reiðufé sem félagið leggur fram að veði er flokkað sem handbært fé og tilgreint sem bundið reiðufé í skýringu 9. Hvað varðar önnur veð en reiðufé, þar sem veðhafi á rétt samkvæmt samningi eða venju til að selja eða endurveðsetja eignina, þá eru þær tilgreindar í skýringu 9.

2.12 Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

2.13 Starfskjör og kaupréttarsamningar

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

Gangvirði kaupréttarsamninga við starfsmenn er metið á samningsdegi og verður gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á því tímabili sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Mótfærsla verður færð á sérstakan lið meðal eigin fjár. Árleg gjaldfærsla er leiðrétt með tilliti til fjölda áunninna kaupréttanna. Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið eru notaðar forsendur um gengi hlutabréfa á matsdegi, gengi í kaupréttarsamningum, vænt flókt á gengi hlutabréfa, gildistíma samninganna, væntar arðgreiðslur og áhættulausa vexti (byggt á ríkisverðbréfum).

3. Mikilvægar forsendur reikningshaldslegs mats

Stjórnendur gera áætlanir og gefa sér forsendur um framtíðina. Matið sem af þessu leiðir mun sjaldan jafngilda nákvæmlega raunverulegum niðurstöðum. Áætlanir og forsendur sem eru sérstaklega viðkvæmar fyrir breytingum og geta valdið verulegri leiðréttingu á bókfærðu verði eigna og skulda eru útlustuð hér að neðan.

(a) Gangvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á virkum markaði

Gangvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á virkum markaði getur verið ákvarðað af félaginu með því að nota þekktar verðmatsaðferðir. Verð frá miðlurum eins og þær eru fengnar frá viðurkenndum verðmatsheimildum geta verið leiðbeinandi og ekki framkvæmanlegar eða bindandi. Félagið beitir mati á magni og gæðum verðmatsheimilda sem notaðar eru. Þar sem engin markaðsgögn eru tiltæk getur félagið metið stöður með eigin líkönum, sem eru byggð á verðmatsaðferðum og aðferðum sem almennt eru viðurkenndar sem staðlaðar í greininni. Líkönin sem notuð eru til að ákvarða gangvirði eru yfirfarin og endurskoðuð reglulega af starfsfólki hjá SKEL fjárfestingafélagi. Líkönin sem notuð eru fyrir skuldabréf eru byggð á hreinu núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, leiðrétt eftir því sem við á fyrir lausafjárstöðu og lánsfjár- og markaðsáhættuþáttum.

Líkönin nota greinanleg gögn, að því marki sem unnt er. Stjórnendur þurfa þó að beita mati fyrir breytur sem ekki eru greinanlegar á markaði. Breytingar á forsendum um þessa þætti gætu haft áhrif á skráð gangvirði fjármálagerna. Næmni fyrir ógreinanlegum gögnum byggist á væntingum stjórnenda um mögulegar breytingar á þessum gögnum, að teknu tilliti til sögulegra sveiflna og mats á framtíðarhreyfingum á markaði.

Ákvörðun um hvað teljist „greinanlegt“ krefst verulegs mats félagsins. Félagið lítur svo á að greinanleg gögn séu markaðsgögn sem eru aðgengileg, dreift reglulega eða uppfærð, áreiðanleg og sannreynanleg, ekki séreign og veitt af óháðum aðilum sem taka virkan þátt í viðkomandi markaði.

(b) Starfrækslugjaldmiðill

Stjórnin telur íslensku krónuna vera þann gjaldmiðil sem best sýnir efnahagsleg áhrif undirliggjandi viðskipta, atburða og aðstæðna. Krónan er gjaldmiðillinn sem félagið mælir frammistöðu sína í og tilkynnir um afkomu sína.

Skýringar

4. Gangvirðismat

Afstemming á breytingum á gangvirði eigna

30.6.2023	Ríkis- skuldabréf	Skráð verðbréf	Óskráðar fjáreignir	Fjárfestinga fasteignir	Samtals
Staða 31.12.2022.....	2.116	5.122	22.936	690	30.864
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning...	62	(141)	2.337	0	2.258
Viðbætur.....	351	1.066	2.767	450	4.634
Sala.....	(1.522)	(172)	(3.220)	0	(4.914)
Staða 30.6.2023.....	1.008	5.876	24.627	1.140	32.843

31.12.2022	Ríkis- skuldabréf	Skráð verðbréf	Óskráðar fjáreignir	Fjárfestinga fasteignir	Samtals
Staða 31.12.2021.....	0	0	0	0	0
Endurflokkun 1.1.2022.....	0	0	8.462	2.166	10.628
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning...	42	(855)	13.717	5.947	18.850
Viðbætur.....	2.074	16.902	959	8	19.943
Sala.....	0	(11.126)	0	(7.431)	(18.557)
Staða 31.12.2022.....	2.116	4.921	23.137	690	30.864

5. Fjármunatekjur og -gjöld

	1.1.-30.6.23	1.1.-30.6.22
Vaxtatekjur	127	206
Arðstekjur	167	168
Gengismunur	85	32
	379	406
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	(92)	(104)
Fjármunatekjur og -gjöld samtals	287	302

6. Laun og launatengd gjöld

	1.1.-30.6.23	1.1.-30.6.22
Laun	170	310
Mótframlag í lífeyrissjóð og launatengd gjöld	39	68
Kaupréttir	56	28
	266	406

Skýringar

7. Eignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur

Félagið er fjárfestingafélag og eru því fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur. Félagið gerir því ekki samstæðureikning með dótturfélögum né færir þau samkvæmt hlutdeildaraðferð.

	30.6.2023	31.12.2022
	Gangvirði	Gangvirði
Ríkisskuldabréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
RIKB 23 0515	0	1.487
RIKS 26 0216	1.008	629
	1.008	2.116
Skráð verðbréf færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
Vátryggingafélag Íslands hf. (9,25%)	2.747	2.636
Kaldalón hf. (15,37%)	2.464	2.285
Aðrar skráðar fjáreignir	665	0
	5.876	4.921
Seldar fjáreignir á gangvirði		
Sp/f Orkufélagið (48,3%)	2.917	0
Aðrar óskráðar fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning		
Orkan IS ehf. (100%), innifelur Löður ehf. (100%)	7.462	7.212
Heimkaup (81%), innifelur Lyfjaval ehf. (100%)	4.095	1.485
Styrkás ehf.(100%), innifelur Skeljung ehf.(100%) og Klettur sala og þjónusta ehf.(94%)*	8.266	7.800
Gallon ehf. (100%)	2.873	2.920
Klettagarðar 8-10 ehf (100%)	1.023	0
Aðrar óskráðar fjáreignir	909	3.720
	24.627	23.137

* Samkomulag er við eigendur 6% hlutfjár í Klett sölu og þjónustu ehf. um að skipta þeim hlutum fyrir hluti í Styrkás ehf.

Fjárfestingafasteignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Litlatún 1, Garðabær	305	305
Austurströnd 7, Seltjarnarnesi	385	385
Barónstígur 2 - 4, 101 Reykjavík	450	0
	1.140	690

Fjárfestingarfasteignir félagsins voru metnar af óháðum þriðja aðila og byggði verðmatið annarsvegar á nýlegum viðskiptaverðum með sambærilegar eignir og hins vegar sjóðstreymismati.

Heildareignir færðar á gangvirði í gegnum rekstur	35.567	30.864
--	--------	--------

8. Aðrar eignir

Langtímakröfur greinast þannig:	30.6.2023	31.12.2022
Lán og kröfur á tengd félög	1.765	2.129
Vaxtaberandi langtímakröfur	460	428
Annað	378	353
	2.603	2.910

9. Handbært fé og ígildi handbærs fjár

	30.6.2023	31.12.2022
Handbært fé á bankareikningum	3.686	4.656
Bundið reiðufé	218	75
	3.904	4.731

Skýringar

10. Eigið fé

Hlutfé:

Hlutfé félagsins þann 30.6.2023 nam 1.936 milljónum króna samkvæmt samþykktum þess (2022: 1.936 milljónir króna). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur eigin fjár:

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

Lögbundinn varasjóður:

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.

Bundinn gangvirðisreikningur:

Færa skal sömu fjárhæð vegna matsbreytingar á fjáreignum tilgreindum á gangvirði af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á.

Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu eru ekki fyrir hendi.

Óráðstafað eigið fé:

Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.

11. Skuldir við lánastofnanir

	30.6.2023	31.12.2022
Vaxtaberandi langtímaskuldir	319	42
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	2.487	2.431
Skuldir við lánastofnanir samtals	2.806	2.473

12. Aðrar skuldir

	30.6.2023	31.12.2022
Skuldir við tengd félög	1.675	0
Aðrar skammtímaskuldir	633	589
Aðrar skuldir samtals	2.308	589

13. Atburðir eftir lok reikningskiladags og önnur mál

Sp/f Orkufélagið

Þann 25. júlí 2023 samþykkti samkeppniseftirlitið í Færeyjum formlega sölu SKEL á öllum hlut sínum (48,3%) í Sp/f Orkufélagið til Sp/f frá 27. júní 2007 að andvirði DKK 146.054.899. Kaupverðið var svo að fullu greitt þann 3. ágúst 2023.